

Öryggisfjarskipti ehf.
Ársreikningur
2021

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Aritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megin tilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Leigutaki félagsins er Neyðarlínan ohf. sem á 25% eignarhlut í félagini.

Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 157 millj. kr. á árinu 2021. Í árslok 2021 námu eignir félagsins 1.356 millj. kr. og eigið fé nam 1.124 millj. kr. í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 660 millj. kr. Eiginfjárlutfall nam 83% í árslok 2021. Rekstarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá félagini á árinu.

Starfsemin á árinu

Unnið var að undirbúnungi að endurnýjun á miðkerfum Vaktstöðvar siglinga og Tetra. Í árslok lá fyrir útfærsla uppfærslu Tetra kerfisins í fjórðu kynslóð og stækkun þess um eitt "zone" sem opnar fyrir fjölgun um allt að 100 senda og fjölgun fjarskiptastjóra úr 40 í 60. Sömuleiðis liggur fyrir endurnýjun tölvubúnaðar Frequentis kerfisins á vaktstöðinni og uppfærsla í næstu kynslóð. Stefnt er að því að þessar breytingar eigi sér stað á árinu 2023. Settir voru upp 4 nýir Tetra sendar og nokkrir aðrir færðir á hentuqri staði.

Í lok árs 2020 var staðfestur nýr samningur við fjarskiptasjóð um framkvæmd níu verkefna um land allt. Þau fólust aðallega í uppbyggingu innviða til að bæta farsímaþjónustu þ.e. byggingu fjarskiptastaða, lagningu ljósleiðara og styrk til farsímafélaga til uppsetningar senda á þessum stöðum. Átta þessara verkefna lauk á árinu 2021 en einu var frestað til sumars 2022. Auk þessara verkefna var byggð ný fjarskiptaaðstaða í Selvogi til að bæta fjarskipti á suðurstrandarvegi.

Í lok árs 2020 var í fjárlögum staðfest seinni fjárveiting varaflsverkefnis sem hófst á árinu 2020. Unnið var að framhaldi verkefnisins allt árið 2021 og er því nú að langmestu leiti lokið. Var unnið að verkefnum á 61 stað um allt land og voru settar upp fastar rafstöðvar, bætt við rafgeymum, settir upp tenglar fyrir færانlegar rafstöðvar, lagfærðar vélastýringar og fleira. Sömuleiðis var komið fyrir færانlegum rafstöðum á 20 stöðum. Í slæmu tíðarfari í byrjun árs 2022 kom vel í ljós að þessi uppbygging kom í veg fyrir verulegar truflanir á fjarskiptum vegna rafmagnsleysis.

Á árinu lauk byggingu fjarskiptastöðvar á Úlfarsfelli með smíði útsýnispalls og var hann formlega opnaður 12. ágúst 2021. Aðstaðan þar er í sameiginlegri eigu með Sýn og RÚV. Verkið tengist því að á Vatnsenda þurfti að fjarlægja fjarskiptastöð svo þar væri hægt að byggja nýja íbúðabyggð. Þar var því unnið að því að taka niður fjarskiptamöstur og rífa gömlu fjarskiptastöðina og var það verk langt komið. Stefnt er að því að verkefnum þar ljúki fyrrípart árs 2022 með uppsetningu sögureits með upplýsingum um útvarpssendingar á Vatnsenda.

Í júní var staðfest samkomulag við Landhelgisgæsluna, með samþykki dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, um byggingu tæplega 3000 m² þyrluskýlis við Reykjavíkurflugvöll. Verkið hófst strax í kjölfarið með ýmsum undirbúnungi og hófust framkvæmdir um haustið. Stefnt er að því að verkinu ljúki á árinu 2022.

Keypt var viðbótar lagerhúsnæði við Fjölnisgötu á Akureyri, sem er iðnaðarbil í sömu húsalengju og húsnæði sem keypt var 2020.

Neyðarlínan annaðist rekstur félagsins, sá um framkvæmdir fyrir félagið og hafði að venju á leigu meginhluta eigna félagsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun haqnaðar.

Eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:


Ríkissjóður	495.000.000
Neyðarlínan ohf.	165.000.000
	<u>660.000.000</u>

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð féluginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 30. mars 2022.

Advant endurskoðun ehf.



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		397.181.177	356.404.952
Aðrar tekjur	13	45.000.000	0
		<u>442.181.177</u>	<u>356.404.952</u>
Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		44.316.267	52.403.612
Fjarskiptaleyfi		1.153.960	1.575.580
Laun og launatengd gjöld	3	3.000.000	1.000.000
Annar rekstarkostnaður		21.870.102	16.990.878
Afskriftir	6	180.118.593	163.742.835
		<u>250.458.922</u>	<u>235.712.905</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		191.722.255	120.692.047
Vaxtatekjur		4.993.768	1.874.296
Vaxtagjöld		(9.338)	(2.436.371)
		<u>4.984.430</u>	<u>(562.075)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		196.706.685	120.129.972
Tekjuskattur	4	(39.344.996)	(18.799.420)
Hagnaður ársins	9	<u>157.361.689</u>	<u>101.330.552</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Rekstarfjármunir	6	804.995.721	915.996.435
Fastafjármunir		<u>804.995.721</u>	<u>915.996.435</u>
Krafa á Neyðarlínuna ohf.	11	150.623.752	87.254.688
Verk í vinnslu til endursölu	5	246.473.898	0
Aðrar skammtímakröfur		118.076	35.765.328
Virðisaukaskattur, inneign		29.912.908	7.755.444
Handbært fé		123.854.929	51.457.624
Veltufjármunir		<u>550.983.563</u>	<u>182.233.084</u>
Eignir samtals		<u>1.355.979.284</u>	<u>1.098.229.519</u>
Eigið fé			
Hlutafé	8	660.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður		46.793.120	31.056.951
Óráðstafað eigið fé		417.125.607	275.500.087
Eigið fé	9	<u>1.123.918.727</u>	<u>966.557.038</u>
Langtímaskuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	10	13.921.661	28.676.603
Langtímaskuldbindingar samtals		<u>13.921.661</u>	<u>28.676.603</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		21.558.758	66.686.277
Fyrirfram innheimtir styrkir	5,13	141.588.776	0
Tekjuskattur til greiðslu	12	54.991.362	36.309.601
Skammtímaskuldir samtals		<u>218.138.896</u>	<u>102.995.878</u>
Skuldir samtals		<u>232.060.557</u>	<u>131.672.481</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.355.979.284</u>	<u>1.098.229.519</u>

Sjóðstremisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		157.361.689	101.330.552
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjármögnum:			
Afskriftir	6	180.118.593	163.742.835
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	10	(14.754.942)	(17.510.181)
Veltufé frá rekstri		322.725.340	247.563.206
Verk í vinnslu, breyting		(246.473.898)	0
Skammtímakröfur, breyting		13.489.788	(12.350.496)
Skammtímaskuldir, breyting		115.143.020	83.720.928
Handbært fé frá rekstri		204.884.250	318.933.638
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(69.117.881)	(160.888.996)
Fjárfestingarhreyfingar		(69.117.881)	(160.888.996)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		0	(58.986.777)
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		(63.369.064)	(52.130.574)
Fjármögnunarhreyfingar		(63.369.064)	(111.117.351)
Breyting á handbæru fé		72.397.305	46.927.291
Handbært fé í ársbyrjun		51.457.624	4.530.333
Handbært fé í árslok		123.854.929	51.457.624

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlausn tekna

Leigutekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2021 og því ekki tilefni til neinnar varúðaráfskriftar af slíkum kröfum.

e. Verk í vinnslu

Verk í vinnslu eru færð á kostnaðarverði.

f. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

g. Teljuskattur

Teljuskattskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Aðkeypt skrifstofu- og stjórnunarþjónusta frá Neyðarlínunni ohf.	3.000.000	1.000.000
Laun og launatengd gjöld samtals	3.000.000	1.000.000

Skyringar, frh.:

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2021	2020
Hagnaður fyrir skatta	196.706.685	120.129.972
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0%	(39.341.337)
Mismunur vegna fyrra árs	0,0%	0 (4,4%)
Annað	0,0%	(3.659) 0,0% (3.581)
Virkur tekjuskattur	20,0%	(39.344.996) 15,6% (18.799.420)

5. Verk í vinnslu

Í júní 2021 var staðfest samkomulag við Landhelgisgæsluna, með samþykki dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, um að félagið taki að sér verktöku á byggingu tæplega 3000 m² þyrluskýlis við Reykjavíkurflugvöll. Verkið hófst strax í kjölfarið með ýmsum undirbúningi og hófust framkvæmdir um haustið. Stefnt er að því að verkinu ljúki á árinu 2022 og að félagið fái þá greitt fyrir framkvæmdina. Áfallinn kostnaður við verkefnið nemur 246 millj. kr. og er færður meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi. Ríkissjóður greiddi félaginu 86 millj. kr. á árinu 2021 vegna lagfæringa á núverandi flugskýli, ekki hefur verið hafist handa við þá vinnu og er því fjárhæðin færð sem fyrirframinheimtar tekjur meðal skammtímaskulda.

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húsnaði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2021	184.947.157	69.103.477	1.462.863.582	37.076.129	1.753.990.345
Viðbót á árinu	20.000.000	0	38.541.782	10.576.098	69.117.880
Stofnverð 31.12.2021	204.947.157	69.103.477	1.501.405.364	47.652.227	1.823.108.225
Afskrifað samtals 1.1.2021	9.654.332	28.793.116	788.741.861	10.804.601	837.993.910
Afskrifað á árinu	6.148.415	8.637.935	157.262.676	8.069.567	180.118.593
Afskrifað samtals 31.12.2021	15.802.747	37.431.051	946.004.537	18.874.168	1.018.112.503
Bókfært verð 1.1.2021	175.292.825	40.310.361	674.121.721	26.271.528	915.996.435
Bókfært verð 31.12.2021	189.144.410	31.672.426	555.400.827	28.778.058	804.995.721

7. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 1.620 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 805 millj. kr.

8. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 660 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Skýringar, frh.:

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	660.000.000	31.056.951	275.500.087	966.557.038
Fært í varasjóð		15.736.169	(15.736.169)	0
Hagnaður ársins			157.361.689	157.361.689
Eigið fé 31.12.2021	660.000.000	46.793.120	417.125.607	1.123.918.727

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2021	2020
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(28.676.603)	(46.186.784)
Breyting ársins	14.754.942	17.510.181
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	(13.921.661)	(28.676.603)
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	(9.988.939)	(27.522.914)
Veltufjármunir	(3.932.722)	(1.153.689)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	(13.921.661)	(28.676.603)

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Leigu- tekjur	Endurrukkaður- kostnaður	Aðkeyptar eignir og þjónusta	Vaxta- tekjur	Krafa
Neyðarlínan ohf. 2021	397.181.177	20.746.326	237.266.819	4.456.773	150.623.752
Neyðarlínan ohf. 2020	356.404.952	99.852	230.186.473	1.597.668	87.254.688

Félagið á í töluverðum viðskiptum við annan af eigendum sínum Neyðarlínuna ohf. sem felur fyrst og fremst í sér leigutekjur en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Stór hluti af kaupum á aðkeyptum eignum og þjónustu af Neyðarlínunni ohf. er eignfærður meðal fastafjármuna eða koma til á móti styrkjum sbr. skýringu nr. 12. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi.

12. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2022 vegna rekstrarársins 2021, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

Skyringar, frh.:

13. Önnur mál

Í lok árs 2020 var staðfestur nýr samningur við fjarskiptasjóð um framkvæmd níu verkefna um land allt. Þau fólust aðallega í uppbyggingu innviða til að bæta farsímaþjónustu þ.e. byggingu fjarskiptastaða, lagningu ljósleiðara og styrk til farsímafélaga til uppsetningar senda á þessum stöðum. Átta þessara verkefna lauk á árinu 2021 en einu var frestað til sumars 2022. Auk þessara verkefna var byggð ný fjarskiptaaðstaða í Selvogi til að bæta fjarskipti á suðurstrandarvegi.

Á árinu lauk byggingu fjarskiptastöðvar á Úlfarsfelli með smíði útsýnispalls og var hann formlega opnaður 12. ágúst 2021. Aðstaðan þar er í sameiginlegri eigu með Sýn og RÚV. Verkið tengist því að á Vatnsenda þurfti að fjarlægja fjarskiptastöð svo þar væri hægt að byggja nýja íbúðabyggð. Þar var því unnið að því að taka niður fjarskiptamöstur og rífa gömlu fjarskiptastöðina og var það verk langt komið. Stefnt er að því að verkefnum þar ljúki fyrrípart árs 2022 með uppsetningu sögureits með upplýsingum um útvarpssendingar á Vatnsenda.

Í lok árs 2020 var í fjárlögum staðfest seinni fjárveiting varaflsverkefnis sem hófst á árinu 2020. Unnið var að framhaldi verkefnisins allt árið 2021 og er því nú að langmestu leiti lokið.

Samtals móttknir styrkir frá opinberum aöllum vegna ofangreindra framkvæmda nema 293 millj. kr. á árinu þar af eru um 45 millj. kr. styrkur sem tilheyrir framkvæmdum unnum á árunum 2019-2020. Sá hluti styrkja er færður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Útlagður kostnaður félagsins á árinu vegna framangreindra verkefna nemur um 193 millj. kr. Styrkir eru færðir til lækkunar á útlögðum framkvæmdakostnaði. Áætlaður kostnaður vegna framkvæmda sem ekki er lokið nemur 56 millj. kr. og er sá hluti móttkinna styrkja færður meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

